



## Fréttabréf Kvenréttindafélags Íslands

Hallveigarstöðum v/Túngötu 14, 101 Reykjavík. Sími 551 8156 Netfang [krfi@krfi.is](mailto:krfi@krfi.is), [www.krfi.is](http://www.krfi.is)

2. tbl. 2009 Útgefandi Kvenréttindafélag Íslands. Ábm. Halldóra Traustadóttir

# Hátíðardagskrá 19. júní

*Hallveigarstöðum við Túngötu 14, Reykjavík  
kl. 17.00 - 19.00*

*Ávörp flytja:*

*Margrét K. Sverrisdóttir, formaður KRFÍ  
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis  
Margrét Steinarsdóttir, framkv.stj. Alþjóðahúss  
Lára Ómarsdóttir, ritstjóri 19. júní*

*Einnig verður tilkynnt um úthlutanir úr Menningar-  
og minningarsjóði kvenna fyrir árið 2009*

*Við fögnum sérstaklega mikilvægum áföngum  
jafnréttisbaráttunnar sem náðst hafa á vormánuðum*

*Léttar veitingar og ljúf tónlist*

## Norræn ráðstefna KRFÍ í september 2009

Íslendingar eru í forsvari Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2009. Af því tilefni mun KRFÍ boða til norrænnar ráðstefnu innan NOKS-samstarfsins (Nordiske kvinder i samarbejde) undir yfirskriftinni: Kyn og kreppa - hvar liggja sóknarfærin til aukins kynjajafnréttis? Ráðstefnan verður haldin laugardaginn 26. september nk. á Grand Hótel í Reykjavík frá kl. 10.00 til 17.00. og verður dagskráin eftirfarandi:

- 09.30-10.00 Skráning
- 10.00-10.10 Setning - formaður KRFÍ
- 10.10-10.20 Ávarp ráðherra
- 10.20-10.35 Tryggvi Hallgrímsson: Jafnréttisvaktin
- 10.35-10.50 Sigríður Snævarr: Nýttu kraftinn
- 10.50-11.05 Gyða Margrét Pétursdóttir: Kynskiptur vinnumarkaður
- 11.05-11.25 Kaffihlé.
- 11.25-11.40 Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital
- 11.40-12.00 Carita Peltonen, sérfræðingur og fyrrv. form. Norrænu ráðherranefndarinnar
- 12.00-12.30 Pallborðsumræður
- 12.30-13.30 Matarhlé
- 13.30-13.40 Kynning og röðun í vinnuhópa
- 13.45-15.00 Vinna í hópum\*
- 15.00-15.20 Kaffi
- 15.20-16.20 Kynning á niðurstöðum hópa og umræður
- 16.20-16.30 Lokaorð
- 16.30-17.00 Móttaka í boði KRFÍ

Fundarstjóri: Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta

\*Hópur 1. "Kreppan gefur körlum séns": Þátttaka verkalýðsfélaganna - leiðir til aukins kynjajafnréttis. Stjórnandi Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur ASÍ í jafnréttismálum

\*Hópur 2. Hugmyndasmiðja: Hvernig nýtum við okkur kreppuna til aukins jafnréttis kynjanna?

Þáttökugjald ráðstefnunnar er 1.000 kr. og er innifalið í verðinu kaffiveitingar ásamt hádegisverði. Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á [krfi@krfi.is](mailto:krfi@krfi.is) eða í síma 551 8156, í síðasta lagi 24. september nk. Ráðstefnan fer fram á skandinavísku auk ensku en erindum frummælenda verður einnig dreift til ráðstefnugesta.

Munið skráningu á [krfi@krfi.is](mailto:krfi@krfi.is)